



DAGSKRÁ 2022

MENNINGAR- & LISTAHÁTÍÐAR FJARÐABYGGÐAR



Sumarið er sannarlega tíminn líkt og sungið var hér um árið. Sumarið er tíminn til að njóta, tíminn til að upplifa eitthvað nýtt og spennandi, tíminn til verja með fjölskyldu og vinum sem og að slaka á í einrúmi, týna sér í stað og stund. Sumarið er líka tíminn sem við í Fjarðabyggð höfum valið til að halda Innsævi, lista- og menningarhátíðina okkar og það er vel við hæfi enda vel greiðfært á milli staða og gestkvæmt. Sumarið er því tíminn þar sem tilvalið er að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá af hinum ýmsu viðburðum, listum og menningu og njóta þeirra saman.

Innsævi – menningar- og listahátíð Fjarðabyggðar er tvíæringur sem er nú haldin í annað sinn og fer hátíðin fram dagana 23. júní til 24. júlí um allt sveitarfélagið. Dagskrá hátíðarinnar í ár er afar fjölbreytt og vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi, bæði íbúar Austfjarða sem og þeir sem heimsækja Fjarðabyggð í sumar. Á dagskrá Innsævis í ár má m.a. finna innsetningar, sviðsverk og gjörninga, hljóðlistaverk, fjölbreytta tónleika, ljósmyndasýningu, útilistaverk, barnasýningu, tónlist leikna með plöntum og listasýningar.

Listafólk sem tekur þátt í hátíðinni kemur víða að en þeir sem koma lengst að ferðast frá Mexíkó og Búlgaríu. Margir sem taka þátt eiga líka sterk tengsl við Austfirði og sækja innblástur sinn hingað. Á hátíðinni er meðal annars boðið upp á sýningar frá listafólki sem er uppalíð á Austurlandi, aðfluttu listafólki (t.d. alla leið frá Boston í Bandaríkjunum) og síðast en ekki síst ungu og upprennandi listafólki sem sumt starfar t.d. við skapandi sumarstörf hjá Fjarðabyggð í sumar. Innblástur og sameiginleg einkenni sem tilheyra svæðinu verða rannsökuð í verkum listafólksins og afraksturinn mun glæða menningarstarf í Fjarðabyggð lífi, auka nýsköpun og veita íbúum Austurlands fjölbreytt tækifæri til að upplifa listir og menningu og gera Fjarðabyggð að spennandi áfangastað ferðafólks.

Menningin er okkur sem einstaklingum og samfélagi afar mikilvæg. Í gegnum listina og menninguna getum við haft meiri áhrif en okkur órar fyrir. Þetta eru jákvæð áhrif og nýjar hugmyndir sem listafólkið deilir með okkur og þau ber okkur að rækta sem og að hlúa að þeim sem helga líf sitt listinni. Menning og listir stuðla að framförum, vísðsýni og jákvæðni innan samfélagsins en veitir okkur einnig velliðan og sýnir okkur eitthvað sem við höfum ekki áður séð en einnig má þar finna fegurð og frið. Margir hafa af því áhyggjur að skilja ekki samtímalist en það eru óþarfa áhyggjur enda ekki alltaf nauðsynlegt að skilja heldur snýst þetta um að upplifa og leyfa listinni að hreyfa við sér, ýta við ímyndunaraflinu, skynjuninni, líkama og anda. Verum óhrædd við að koma og njóta og finna fyrir frelsinu, veltum fyrir okkur nýjum hugmyndum og merkingu þeirra. Við hlökkum til að sjá ykkur!

Frekari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar er að finna á www.facebook.com/innsaevi

Aðgangur á alla viðburði er ókeypis nema annars sé getið.

Njótið vel og góða skemmtun á Innsævi 2022!

Jóhann Ágúst Jóhannsson
Forstöðumaður Menningarstofu Fjarðabyggðar

24. JÚNÍ

TRÍÓ TÚNFÍFILL FLYTUR

UNAÐSTÓNA FRÁ ÝMSUM LÖNDUM

SKÖPUNARMÍÐSTÖÐIN STÖÐVARFIRÐI,
KL. 20:00

Gítar- og söngtríóið Túnfífill, sem skipað er Svani Vilbergssyni gítarleikara, Erlu Dóru Vogler mezzósópran og Maríu Konráðsdóttur sópran, flytur söngperlur frá Íslandi, Spáni, Frakklandi, Rússlandi, Þýskalandi og Englandi.

Söngljóð sem flutt eru við gítarleik skipa ákveðinn sess í tónlistarsögunni. Á þessum tónleikum er boðið upp á litaflóru gítar- og söngljóða sem upprunnin eru frá ýmsum löndum. Fjölbreytnin stafar jöfnum höndum af blæbrigðum í tungumálunum, ólíkri menningu, þeim tíma sem tónlistin er skrifuð og mismunandi áherslum tónskáldanna.

25. JÚNÍ

TRÍÓ TÚNFÍFILL FLYTUR

UNAÐSTÓNA FRÁ ÝMSUM LÖNDUM

SAFNAHÚSIÐ NESKAUPSTAÐ, KL. 14:00

Gítar- og söngtríóið Túnfífill, sem skipað er Svani Vilbergssyni gítarleikara, Erlu Dóru Vogler mezzósópran og Maríu Konráðsdóttur sópran, flytur söngperlur frá Íslandi, Spáni, Frakklandi, Rússlandi, Þýskalandi og Englandi.

Söngljóð sem flutt eru við gítarleik skipa ákveðinn sess í tónlistarsögunni. Á þessum tónleikum er boðið upp á litaflóru gítar- og söngljóða sem upprunnin eru frá ýmsum löndum. Fjölbreytnin stafar jöfnum höndum

af blæbrigðum í tungumálunum, ólíkri menningu, þeim tíma sem tónlistin er skrifuð og mismunandi áherslum tónskáldanna.

Áður en Tríó Túnfífill leikur í Safnahúsinu mun sveitin gleðja íbúa í Breiðablik.

25. JÚNÍ

PLANTA/MAÐUR – DÚÓ

ÞÓRSMÖRK, ÞILJUVELLIR 11, NESKAUPSTAÐ,
KL. 16 :00 – 18:00

Hvernig hljóma jarðaber, nú eða kannski rabarbari? Planta og maður – Dúó er hljóðlistaverk búlgarska hljóðlistamannsins Mirian Kolev sem skipta má í tvennt, tónleikar og einnig hljóðinnsetning. Verkið rannsakar áhrif og skyldleika á þeim hljóðbylgjum sem mismunandi plöntur senda frá sér, bylgjurnar eru magnaðar upp og listamaðurinn nýtir sér þær til að flytja hljómlist sem endurspeglar og lýsir lífi og vexti plöntunnar. Með næmum nemum sem settir eru á lauf plöntunnar greinir Mirian þær minnstu rafbylgjur sem finna má í plöntunni og umbreytir þeim svo í hljóð.

Tilgangur verksins er einnig að sýna okkur hvernig við getum nýtt okkur tæknina á nýstárlegan hátt til að skilja umhverfi okkar betur og átt í samskiptum við náttúruna. Á tímum tækniframfara og aukinna áskorana í umhverfismálum er mikilvægt að finna jafnvægið á milli tækninnar og náttúrunnar og leiða þessi tvö öfl saman í stað þess að sundra.

25. JÚNÍ TIL 3. JÚLÍ
AÐ FINNA LJÓÐ
NESKAUPSTAÐUR

Ljóðskáldið Leifur Helgi Konráðsson dreifir ljóðum sínum í alfaraleið í Neskaupstað. Vegfarendur geta fundið þau á fönnum vegi og lesið á leið sinni ásamt því að njóta myndskreytinga sem Kolbrún Gísladóttir á veg og vanda af. Leifur er tilfinningaríkt ljóðskáld sem yrkir út frá minningum sínum, skoðunum og þælingum um lífið og tilveruna. Listin er honum hugleikin, hin djúpstæða tilfinning sem hann vonar að hann eigi kost á að framkalla hjá lesendum sínum.

26. JÚNÍ – 24. JÚLÍ
ÉG TALA ÞÍNU ÍSLENSKU
BELJANDI BRUGGHÚS / BELJANDI GALLERY,
BREIÐDALSVÍK, SÓLVELLIR 23A
SJÁ OPNUNARTÍMA BELJANDI

Það er ekkert leyndarmál að tungumálakunnátta er ekki alltaf það sem Bandaríkjamenn eru bestir í og eiga auðvelt með að tileinka sér. Þetta á einnig við listamanninn Marc Alexander, sem flutti til Íslands frá Boston 2019 og býr nú á Fáskrúðsfirði. Þrátt fyrir að hann hafi sótt fjöldann allan af íslensku námskeiðum þá raðast bókstafirnir ekki upp líkt og hann myndi óska sér né eru þeir til friðs og almennilega skiljanlegir. Á hinn bóginn eru litir það tungumál sem Marc skilur vel og á því tungumáli hefur hann fulla stjórn og getur nýtt sér á margbrotinn máta. Fyrir honum eru litir tungumál landsins sem hann flutti til líkt og hljóðin sem eru allt um

liggjandi og tungumálið okkar. Marc tjáir djúpa ást sína á Íslandi með klippimyndum sínum og samsettri list. Hann vinnur með úrklippur sem hann hefur safnað saman sem sýna list, tónlist og tísku síðustu áratugi sem og ljósmyndir úr tískutímaritum, af íþróttum og lífi hinna ríku og frægu. Þessu öllu skeytir hann saman við íslenska náttúru þannig að úr verður ný merking og ný sýn á samfélagið. Sýn aðkomumannsins sem umfaðmar hinn nýja stað sem er fyrir honum allt í senn: Dásamlega undarlegur en um leið sá undurfagri staður sem er Heima.

30. JÚNÍ // 10. JÚLÍ
TÖFRANDI TÓNAR Í MJÓAFIRÐI.
SÓLBREKKA MJÓAFIRÐI,
MILLI KL. 15:00 – 17:00

Tónlistarkonan Elísabet Mörk Ívarsdóttir er vaxandi afl í tónlistarlífi Fjarðabyggðar. Hún er frá Fáskrúðsfirði en í sumar starfar hún í Mjóafirði og mun hún í tvígang koma fram á Sólbrekku og leika tónlist sína fyrir gesti og gangandi eins og henni er einni lagið. Kaffisalan verður opin og allir velkomnir.



29. JÚNÍ – 1. JÚLÍ

GRÝLA

STRÍÐSÁRASAFNIÐ Á REYÐARFIRÐI,
HÆÐARGERÐI, KL. 16:00 – 19:00

Grýla er persóna sem maður vill ekki hafa á móti sér en rætur hennar má rekja aftur til 13. aldar. Í gamla daga voru sögur og ljóð skrifuð um þennan einstaka karakter sem Grýla er. Sérstaklega var skrifað um stuttlífuð ástarævintýri hennar, en samkvæmt sögunum át hún t.d. einn ástmann sinn í morgunmat þegar hún hafði fengið leið á honum. Á margan hátt er Grýla fyrsti feministi Íslands, en í dag er hún þekkt sem „vonda stjúpan“, eða bara sem mamma íslensku jólasveinanna sem stelur og borðar börn sem haga sér illa kringum jólin.

Sögulega séð hefur samfélagið ekki komið vel fram við sterka kvenkyns karaktera. Evu var kennt um fall mannkyns og Pandóra var ásökuð um að hleypa illsku inn í heiminn en þetta eru bara sögur, skrifaðar af mönnum sem sýna konur í þessu kunnuglega neikvæða ljósi.

Ljósmyndarinn og listakonan Berglind Rögnvaldsdóttir kafar ofan í ímyndina um Grýlu í áhrifaríkri innsetningu í gömlum bragga á Reyðarfirði. Grýla er ljósmyndaverk sem skoðar sögu Grýlu gegnum kvenkyns rödd, Grýla sem er ekki gaslýst og dregin niður fyrir sinn sterka karakter heldur fagnað og leyft að vera hún sjálf með öllum sínum kostum og göllum. Myndirnar eru samsettar ljósmyndir sem mynda eina heild, íslensk náttúra og íslenski kvenlíkaminn spila þar lykilhlutverk.



30. JÚNÍ

BREK – TÓNLEIKAR Í RANDULFFSSJÓHÚSI

RANDULFFSSJÓHÚS, ESKIFIRÐI, KL. 21:00

Hljómsveitin Brek leikur aðallega frumsamda tónlist með áhrifum úr mismunandi stílum þjóðlaga- og dægurtónlistar úr ýmsum áttum, en meðlimir sveitarinnar leggja mikla áherslu á að skapa áhugaverða en notalega stemningu í hljóðfæraleik sínum. Auk þess er lögð áhersla á fjölskrúðuga notkun íslenskrar tungu í textagerð. Á dagskrá tónleikanna verða frumsamin lög af fyrstu plötu sveitarinnar í bland við skemmtileg tókulög, m.a. íslensk dægurlög og amerísk þjóðlög. Hljómsveitina skipa Harpa Þorvaldsdóttir

söngkona og píanóleikari, Jóhann Ingi Benediktsson gítarleikari og söngvari, Guðmundur Atli Pétursson mandólinleikari og Sigmar Þór Matthíasson bassaleikari. Brek hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2022 fyrir plötu ársins í flokki þjóðlaga- og heimstónlistar ásamt því að samnefnd plata sveitarinnar var Plata vikunnar á Rás 2 fyrr á þessu ári.

Á ferð sinni um Fjarðabyggð mun Brek heimsækja Hulduhlíð og Breiðablik og gleðja þar íbúa á sinn einstaka hátt.



1. JÚLÍ

SVAVAR KNÚTUR OG BELJANDI

BELJANDI BRUGGHÚS BREIÐDALSVÍK,
SÓLVELLIR 23A, KL. 21:00

Svavar Knútur söngvaskáld mætir á Innsævi og ræktar vináttuböndin við Breiðdalsvík. Tónleikarnir eru haldnir á Beljandi Brugghúsi en á dagskrá verða söngvar og sögur úr ýmsum áttum og má búast við ólíkindatóla og rugludallaheitum að hætti Svavars Knúts.

Svavar Knútur hefur undanfarin ár vaxið jafnt og þétt sem söngvaskáld og getið sér gott orð bæði hérlendis og erlendis fyrir stórskemmtilegar, en um leið hugvekjandi uppákomur. Við lofum innilegu og góðu kvöldi á Beljandi Brugghúsi og vert er að benda á fjölskyldutónleika daginn eftir sem haldnir eru á sama stað klukkan 14:00. Tónleikarnir eru unnir í samstarfi við Tónlistarmiðstöð Austurlands.

2. JÚLÍ

SVAVAR KNÚTUR – FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR Á BELJANDI

BELJANDI BRUGGHÚS BREIÐDALSVÍK,
SÓLVELLIR 23A, KL.14:00

Fjölskyldutónleikar á Beljandi Brugghúsi með Svavari Knúti laugardaginn 2. júlí kl. 14:00. Ína Berglind mun sjá um upphitun en hún er vaxandi tónlistarkona úr Fellabæ. Ína Berglind hefur tekið þátt í Upptaktinum á Austurlandi síðustu tvö ár og komst m.a. áfram í Upptaktinn í Hörpu í ár með lagið sitt „Föst á sama stað“.

Á dagskrá verða söngvar og sögur úr ýmsum áttum og ólíkindatóla og rugludallaheit að hætti Svavars Knúts, sem undanfarin ár hefur vaxið jafnt og þétt sem söngvaskáld og getið sér gott orð bæði hérlendis og erlendis fyrir stórskemmtilegar, en um leið hugvekjandi uppákomur.

Tónleikarnir eru unnir í samstarfi við Tónlistarmiðstöð Austurlands.

8. JÚLÍ TIL 21. JÚLÍ

CRANIOPLASTY

ÞÓRSMÖRK, ÞILJUVELLIR 11, NESKAUPSTAÐ,


OPNUN KL. 16:00 ÞANN 8. JÚLÍ

ANNARS OPID FRÁ KL. 13:00-16:00

Titill sýningarinnar Cranioplasty vísar í heiti ákveðinnar aðgerðar þar sem bein höfuðkúpu eru endurgerð í kjölfar áverka. Fyrsta dæmi um slíka aðgerð hefur fundist á höfuðkúpu frá Perú frá því um 400 þar sem gullplötu var komið fyrir í stað höfuðbeins. Höfuðkúpan er niðurkomin í Gold Museum of Peru and Weapons of the World í Lima.

Sýningin Cranioplasty er úrvinnsla reynslu listamannsins þar sem Selma gekkst undir slíkar aðgerðir í kjölfar áverka sem hún varð fyrir síðastliðið ár. Verkin eru unnin út frá marglaga og óhlutbundnu bataferli sem hefur óskilgreindan endi. Selma dvaldi í foreldrahúsum á Eskifirði eftir langa spítaladövl til að ná bata en þar vann hún jafnframt að myndlist sinni sem mikilvægum þætti af bataferlinu. Umvafin fjöllumum sem Selma þekkir svo vel frá uppvaxtarárum sínum tókst henni að vinna sig í gegnum myrkríð.

Selma Hreggviðsdóttir útskrifaðist með MFA frá Glasgow school of Art árið 2014 og BA gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2010. Selma hefur sýnt víða hér heima og erlendis og var hún m.a. tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna 2021.



9. JÚLÍ – 10. JÚLÍ

HELVÍTIS DJÖFULSINS HÁVAÐI (RIFFASÚPA DAUDANS)

GAMLA NETAGERÐIN, STRANDGÖTU 1,
NESKAUPSTAÐ, KL. 14:00-17:00

Metalriff allra landa sameinist. Curver Thoroddsen býr til kakósinfóníu úr metalriffum í þessu gamla iðnaðarrými þar sem hann dreifir hátölurum um bygginguna og leikur sér með riffin í endalausum endurtekningum í þessari hljómmiklu innsetningu. Val á gítarriffum var m.a. unnið í samtarfi við Eistnaflug og gesti.

9. JÚLÍ

SÚPA OG SVARTIGALDUR : SVIÐSVERK/GJÖRNINGUR

NESKAUPSTAÐUR, Í FJÖRUNNI FYRIR
NEDAN KIRKJUNA, KL. 20:00

Úr djúpi Norðfjarðar stíga sjávarverur umvafðar neti, þangi og öðru sjávarfangi. Upp úr sjónum hífa þær dularfullan pott. Með svartagaldri og töfrandi hráefnum fjörunnar kalla verurnar fram gómsæta og seiðandi súpu.


Þann 9. júlí næstkomandi sýna þau Egill Andrason, Elínborg Una Einarsdóttir og María Jóngerð Gunnlaugsdóttir sviðsverk í fjöru í Neskaupsstað og bjóða gestum upp á ljúffenga súpu. Þau kynntust í Listaháskóla Íslands og stunda þar nám við sviðshöfundabraut. Þau koma víða að: Egill er frá Akureyri, Elínborg Reykjavík og María Egilsstöðum.

10. JÚLÍ

LJÓSAGULL : TINDRANDI BARNASÝNING

VALHÖLL ESKIFIRÐI, KL. 16:00

Ljósagull er hugljúf en spennandi sýning sem hentar yngri börnum sérstaklega vel. Húlladúllan flytur frumsamið ævintýri og ljær því líf með tindrandi ljósum af ýmsu tagi. Að sýningunni lokinni fá börnin að stíga inn á sviðið og leika að ljósagullum Húlladúllunnar.



14. JÚLÍ

ÞYNGDARLEYSI SAMHLJÓMUR

VALHÖLL ESKIFIRÐI, KL. 14:00 TIL 19:00

Listamennirnir Sigga Björg Sigurðardóttir (myndlist) og Mikael Lind (raftónlist) sýna nýtt verk sem þau hafa unnið í sameiningu. Verkið er hljóð/vídeó innsetning.

Áhorfandanum er boðið að ganga inn í innsetningu þar sem sibreytilegur og þyngdarlaus hljóðheimur umlykur ágengan myndheim vídeóverksins. Lögmað hefðbundinna framvindu verka víkja og hvíkul verkin fá að kallast á og hverfast um hvort annað. Saman skapa þau rými þar sem er ekkert upphaf og enginn endir og er áhorfendum þannig gefið tækifæri á að ganga inn í verkið hvenær sem er á sýningartímanum þar sem töfrandi víddir tóna og umhverfis formgerast allt í kring.

15. JÚLÍ – 16. JÚLÍ

2X2 RÝMISSKYNJUN:

ÆVINTÝRAFERÐIR

STRÍÐSÁRASAFNIÐ REYÐARFIRÐI (BRAGGINN)

FÖSTUDAGUR: FYRSTA SÝNING: 14:00-15:00 /

ÖNNUR SÝNING: 16:00-17:00

LAUGARDAGUR: FYRSTA SÝNING: 13:00-14:00

/ ÖNNUR SÝNING: 15:00-16:00

Í þáttökugjöörningnum ‘2x2 Rýmisskynjun: Ævintýraferðir’ leitast hópurinn Kunningjar við að vikka út skilning áhorfenda á rýmisskynjun og skipulagi. Hópurinn býður áhorfendum að staldra við, beina sjónum að hinu ómerkilega og vanmetna og upplifa hvað gerist þegar við lesum í umhverfi nærumhverfisins út frá tungumáli leikhússins. Ef til vill verður varpað fram spurningum eins og „Til hvers ætlast þetta grindverk af mér? Dreymir kantsteina? Er þessi ruslafata trúlaus?“ Verkið leikur sér með form leiðsagðra kynnisferða líkt og fjórhjólaferða, jöklaskoðana og kayakferða

þar sem áhorfendur sitja lítinn fyrirlestur um þætti rýmisskynjunar, klæða sig í galla, og fylgja síðan leiddri rýmisskynjun með fókuspunktum, hugleiðingum og sjálfstæðum verkefnum.

Listahópurinn Kunningjar samanstendur af Hallveigu Kristínu Eiríksdóttur og Arnari Geiri Gústafssyni. Þau eru bæði stofnmeðlimir sviðslistahópsins CGFC og hafa starfað innan hans síðan 2015. Hópurinn Kunningjar er stofnaður vegna sameiginlegs áhuga á rýmum og rýmisskynjun í nærumhverfi okkar og leitast við að kanna snertifleti og skapa þráð á milli sviðslistar, félagsfræði og borgarskipulagsfræði. ‘2x2 Rýmisskynjun: Ævintýraferðir’ er þeirra annað verk sem Kunningjar.

Hver sýning er um klukkutími og hámarksfjöldi fyrir hverja sýningu er 16 manns.



16. JÚLÍ


ÆVINTÝRALEG RAFTÓNLIST MEÐ MIKAEL LIND

BEITUSKÚRINN - THE BAIT SHACK,
NESKAUPSTAÐ, KL. 21:00

Raftónlistarmaðurinn Mikael Lind er þekktur fyrir svífandi ambient-tónlist sína og hefur hann verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna síðastliðin tvö ár.

Í Beituskúrnum kveður við nostalgískan tón hjá Mikael þar sem hann tekur smá skref aftur til baka og flytur rybmíska raftónlist í stíl við það sem hann samdi í æsku sinni. Hann mun frumflytja glænýtt efni sem samanstendur af draumkenndum melódíum, tilraunakenndum synth-hljóðum og notalegum trommutöktum.

Spennandi og endurnærandi ferðalag en jafnframt ævintýrleg stund sem enginn ætti að missa af.



17. JÚLÍ

MANSÖNGVAR – TREGALJÓÐ

ÞÓRSMÖRK, ÞILJUVELLIR 11, NESKAUPSTAÐ
KL. 16:00

Pjetur St. Arason flytur mansöngva og tregaljóð í Þórsmörk á sinn einstaka hátt. Ástar og saknaðarkveðjur í útvarpsþáttum eins og Lög unga fólksins, Óskalög sjómanna eða Óskalög sjúklinga eru miðaldra fólki í fersku minni. Á miðöldum riðu einmitt trúbadorar um hérað og sungu svokölluð Brunakvæði. Það voru ástarljóð sem ýmist voru frumsamin eða lög sem gengu frá manni til manns.

Á þessum tónleikum ætlar Pjetur St. Arason að mæta með nokkra af gíturunum sínum og flytja ástar og saknaðarlög sem sum hver eru vel þekkt en önnur síður. Hér mun hljóma blanda af lögum úr ýmsum áttum.

21. JÚLÍ – 24. JÚLÍ

LISTAVÉLIN : UPPSKERUHÁTÍÐ

OPNUN KLUKKAN 17:00 ÞANN 21. JÚLÍ,
STAÐSETNING VERÐUR AUGLÝST SÍÐAR

Starfshópur skapandi sumarstarfa í Fjarðabyggð nefndi sig því skemmtilega nafni Listavélin. Það eru þau Bryndís Tinna, Álfheiður Ída, Daniel Örn, Anna Karen og Helena Lind sem hafa starfað ötullega að listsköpun í sumar hjá sveitarfélaginu undir leiðsögn starfsfólks Menningarstofu Fjarðabyggðar. Á uppskeruhátíð sinni taka þau á móti gestum og sýna afrakstur vinnu sinnar. Staðsetning sýningarinnar verður auglýst síðar.



22. JÚLÍ – 31. JÚLÍ

STÖÐVARFJÖRÐUR (2017-2034)

ÞÓRSMÖRK, ÞILJUVELLIR 11, NESKAUPSTAÐ
OPIÐ FRÁ KL. 13:00-16:00

Stöðvarfjörður er langtíma ljósmyndaverkefni sem ljósmyndarinn Alfredo Esparza Cárdenas frá Mexíkó byggir á þorpinu. Hér sýnir hann afrakstur af 4 ára vinnu þar sem hann hefur ljósmyndað hús og umhverfi Stöðvarfjarðar. Breytingar á umhverfi okkar eru óhjákvæmilegar og margt hefur áhrif á hvernig það endurspeglast, þróast og birtist okkur. Hér

sýnir heimildaljósmyndarinn okkur hvernig umhverfið mótast af þeim aðstæðum sem bærinn hefur gengið í gegnum. Hvernig fólksfjöldi á staðnum og atvinnutækifæri hafa bein áhrif á umhverfið og byggingarnar í þorpinu en Alfredo nálgast þær líkt og um módel sé að ræða þegar hann tekur af þeim portrait-myndir, af sama stað ár eftir ár. Með þessu móti á hann í samtali við íbúana í gegnum heimili þeirra og vinnustaði. Þannig nær hann að mæla og meta með ljósmyndinni þær breytingar sem eru að eiga sér stað og lýsa inn í sálarheim íbúanna.

Auk þess að skrásetja árlega með ljósmyndum sínum 114 hús (90 eru heimili en restina má flokka sem atvinnuhúsnæði, skóla, verslanir eða hótél), skrásetur hann brot úr hinu daglega lífi íbúanna í bænum. Markmiðið er að verkefnið skapi safn mynda sem miðli á djúpstæðan hátt þeim breytingum sem samfélagið á Stöðvarfirði hefur gengið í gegnum á 16 ára tímabili. Hér er um afar merkilega og áhrifaríka ljósmyndsýningu að ræða sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara og sem opnar okkur nýja sýn á nærumhverfi okkar.



23. JÚLÍ – 24. JÚLÍ

GMT

MOLINN, REYÐARFIRÐI


KL. 13:00 – 15:00

Fjórar stelpur gera sig til. Áður en þær halda af stað út á lífið þurfa þær að setja á sig grímu og klæða sig í búninga. Hvernig eiga þær að vera og hverjar vilja þær vera?

Skammstöfunin GMT stendur fyrir „Gera mig til“ og er mikið notuð á meðal ungra kvenna. Að gera sig til er tímafrek athöfn í lífi kvenna, viðburðurinn á undan viðburðinum. Stemningin er mismunandi hvort sem þær gera sig til í einrúmi eða í sameiningu en markmiðið er alltaf það sama.

GMT er örverk í þróun sem mætti skilgreina sem dans- og hreyfileikhús en sýningin er þátttökuverk og áhorfendum verður boðið að gera sig til með performerum og dansa með frumsaminni tónlist sérsniðinni að verkinu. Sviðslistahópurinn GMT leggur áherslu á litríka fagurfræði og fundið efni sem bæði gleður augu og styður umfjöllunarefni verksins.

Hver sýningin er um 20 mínútur.



23. JÚLÍ

VEGGMYND – FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

BRÚIN FYRIR OFAN HAFNARGÖTU

KL.11:00-14:00

Ungir listamenn úr skapandi sumarstörfum í Fjarðabyggð taka höndum saman með listamanni úr heimabyggð, Marc Alexander sem býr á Fáskrúðsfirði. Saman munu þau mála nýja veggmynd sem Marc hannaði á sinn einstaka hátt á brúnna fyrir ofan Franska spítalann. Hin nýja veggmynd mun sýna samband Fáskrúðsfjarðar við hina frönsku arfleið auk tenginga við Austfirðina á skemmtilegan mátt. Veggmyndinni verður fagnað á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði.



SÉRSTAKAR ÞAKKIR:

Beljandi Brugghús
Atli Þór Ægisson
SÚN
Guðmundur Rafnkell Gíslason
Gunnar Jónsson
Valhöll Eskifirði
Kristinn Þór Jónsson
Valbjörn Júlíus Þorláksson
Uppbyggingarsjóður Austurlands
Austurbrú
Beituskúrin
Hildibrand
Hákon Hildibrand
Hafsteinn Hafsteinsson
Hampiðjan
Jón Einar Marteinsson
Selma Hreggviðsdóttir
Randulffssjöhús
Berglind Ingvarsdóttir
Sævar Guðjónsson
Edda Rún Ólafsdóttir
Heiðís Halla
Mikael Lind
Sigga Björg Sigurðardóttir
Curver Thoroddsen
Jóhanna Seljan Þoroddsdóttir
Listavélin – Skapandi sumarstörf í Fjarðabyggð
Anna Karen Marinósdóttir
Álfheiður Ída Kjartansdóttir
Bryndís Tinna Hugadóttir
Daniel Örn Ingvarsson
Helena Lind Ólafsdóttir
Marc Alexander
Safnahúsið Neskaupstað
Stríðsárasafnið
Pétur Sörensson
Valur Sveinsson
Ari Sigursteinsson

Þórður Vilberg Guðmundsson
Sköpunarmiðstöðin – Fish Factory -
Creative Centre
Vinny Wood
Una Sigurðardóttir
Sólbrekka Mjóafirði
Margrét Sigfúsdóttir
Elisabet Mörk Ívarsdóttir
Ína Berglind Guðmundsdóttir
Svavar Knútur
BREK
Harpa Þorvaldsdóttir
Jóhann Ingi Benediktsson
Guðmundur Atli Pétursson
Sigmar Þór Matthíasson
Kunningjar
Hallveig Kristín Eiríksdóttir
Arnar Geir Gústafsson
Pjetur St. Arason
GMT
Anna Róshildur Benediktsdóttir
Björg Steinunn Gunnarsdóttir
Bjartey Elín Hauksdóttir
Inga Steinunn Henningsdóttir
Mirian Kolev
Berglind Rögnvaldsdóttir
Leifur Helgi Konráðsson
Trío Túnfifill
Svanur Vilbergsson
Erla Dóra Vogler
María Konráðsdóttir
Alfredo Esparza Cárdenas
Unnur María Máney Bergsveinsdóttir
Molinn
Hreinn J. Stephensen
Egill Andrasen
Elínborg Una Einarisdóttir
María Jóngerð Gunnlaugsdóttir





INNSÆVI 2022:

Stjórnandi og dagskrágerð: Jóhann Ágúst Jóhannsson

Dagskrá og umsjón með viðburðum: Viktoría Blöndal

Umbrot og hönnun: Heiðdís Halla / artless